

Fundargerð 188. fundar sveitarstjórnar Flóahreppi

Fundarstaður:	Þingborg
Fundardagur:	Miðvikudagur 14. júní 2017
Fundartími:	13:30 – 17:50
Fundarmenn:	Árni Eiríksson oddviti Margrét Jónsdóttir Svanhvít Hermannsdóttir Sigurbára Rúnarsdóttir Rósa Matthíasdóttir Ingibjörg Einarsdóttir undir lið 4 Guðbjörg Hólm Þorkelsdóttir undir lið 21. b) Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

Árni Eiríksson setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Samþykkt að fundargerð verði rituð á tölvu sbr. 23. gr. sveitarstjórnarlaga. Oddviti óskaði eftir breytingu á útsendri dagskrá.

Við dagskrána bætist erindi frá Rósu Matthíasdóttur a) Staða mála hjá Orkugerðinni, b) Ljósleiðari í Flóahreppi, staða mála, næstu skref, c) Aðalskipulag Flóahrepps 2016 – 2028 seinni umræða, d) málefni heimagistingar e) fundartími næsta fundar sveitarstjórnar Flóahrepps og sumarlokun skrifstofu . Við lið 23 bætist fundargerð Almannavarnarnefndar Árnessýslu nr. 24.

Eydís Þ. Indriðadóttir sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

Skipulagsmál:

1. Fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita nr. 133, dags. 11.05.2017

a) Langholt 1 land 2A lnr. 218349: Landnotkun breytt í verslun og þjónustu: Aðalskipulagsbreyting – 1703054

Lögð fram lýsing vegna breytinga á aðalskipulagi Flóahrepps sem nær til lóðarinnar Langholt 1, land 2A (lnr. 218349) úr landbúnaðarsvæði í svæði fyrir verslun- og þjónustu.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að lýsingin verði kynnt skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

b) Egilsstaðir lóð lnr. 196512: Lynghæð umsókn um lögbýli og nafn – 1704064

Lagt fram erindi eigenda nýs lögbýlis (lnr. 196512) úr landi Egilsstaða 1 um að það fái heitið Lynghæð.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við nýtt nafn á lögbýlinu.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

c) Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 17 – 52 - 1704003F

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 12. apríl 2017.

d) Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 17 – 53 - 1704006F

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 26. apríl 2017

2. Fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita nr. 134, dags. 23.05.2017

a) Súluholt 216736: Frístundahús: Deiliskipulag – 1611046

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 10. maí 2017 varðandi deiliskipulag frístundahúsa til útleigu á spildu úr landi Súluholts. Þá eru jafnframt lögð fram

lagfærð skipulagsgögn þar sem komið hefur verið til móts við athugasemdir Skipulagsstofnunar.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við lagfærð gögn og mælir með að þau verði samþykkt og send Skipulagsstofnun til afgreiðslu.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

b) Lækjarbakki 1 og 2: Flóahreppur: Landbúnaðarsvæði: Deiliskipulag – 1705040

Lögð fram umsókn eiganda landsins Lækjarbakki land 1 (lnr. 210365) dags. 10 maí 2017 um að samþykkt verði lýsing deiliskipulags sem nær til hluta landsins. Samkvæmt lýsingunni er gert ráð fyrir að landinu verði skipt upp í tvö lögbýli þar sem byggja má íbúðarhús, hesthús, skemmu og reiðhöll.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við fyrirbyggjandi lýsingu og mælir með að skipulagsfulltrúa verði falið að kynna hana skv. 3 mgr. 40. gr. skipulagslaga.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

c) Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 17 – 54 - 1705001F

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 10. maí 2017

3. Fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita nr. 135, dags. 08.06.2017

a) Afgreiðslur byggingarfulltrúa 17 – 55 – 17005005F

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 22. maí 2017

4. Tillaga að samkomulagi milli Flóahrepps og Kvenfélags Hraungerðishrepps um afnot af félagsheimilum í Flóahrepi – sbr. bókun SF_183

Ingibjörg Einarsdóttir mætti til fundarins og las bókun fundargerðar Kvenfélags Hraungerðishrepps þar sem Flóahreppi er færður eignarhlutur Kvenfélags Hraungerðishrepps gegn afnotum af félagsheimilum í sveitarfélaginu.

Lögð fram tillaga að samkomulagi milli Kvenfélags Hraungerðishrepps og Flóahrepps varðandi endurgjaldslaus afnot af félagsheimilum í Flóahreppi til menningarstarfs.

Samkomulagið samþykkt með 5 atkvæðum og undirritað.

5. Erindi frá Ungmennaráði Flóahrepps

a) Opið hús

Lögð fram beiðni um heimild sveitarstjórnar til þess að opnað verði „ungmennahús“ í Flóahreppi. Gert er ráð fyrir því að starfshlutfall starfsmanns félagsmiðstöðvar verði aukið um 6 tíma á mánuði, sbr. fundargerð æskulýðs- og tómsbundanefndar frá 24.10.2016.

Sveitarstjórn samþykkir að verða við erindinu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Málþing í september

Lagt fram erindi frá ungmennaráði Flóahrepps þar sem óskað er eftir heimild til þess að halda málþing í september 2017. Á málþinginu gefst ungu fólki í sveitarfélaginu kostur á því að koma með sínar hugmyndir um ungmennastarf í Flóahreppi og semja ályktanir til sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn samþykkir erindið með 5 atkvæðum og endurgjaldslaus afnot af félagsheimili til þess að halda málþingið.

6. Ráðningarsamningur og erindisbréf skólastjóra í Flóaskóla

Um starf skólastjóra Flóaskóla sóttu 5 aðilar. Það er álit þeirra sem komu að ráðningarferlinu; ráðgjafa Flóahrepps í skólamálum, Ingvars Sigurgeirssonar, fulltrúa Capacent Jakobínu Hólmfríðar Árnadóttur og fulltrúa sveitarstjórnar, Svanhvítar Hermansdóttur að allir umsækjendur sem komu í viðtal hafi verið sterkir en að Gunnlaug Hartmannsdóttir hafi uppfyllt best allar huglægar og hlutlægar hæfniskröfur. Gunnlaug var því talin standa öðrum umsækjendum frammar að loknu heildstæðu mati með skírskotun í starfið, menntun, reynslu og hæfniskröfur.

Lagður fram ráðningarsamningur við Gunnlaugu Hartmannsdóttur, frá og með 1. ágúst 2017.

Samningurinn samþykktur með 5 atkvæðum

Lagt fram erindisbréf skólastjóra Flóaskóla.

Erindisbréfið samþykkt með 5 atkvæðum.

7. Fasteignasvið Flóahrepps

a) Húseignir

Rætt um framtíð Félagsheimilisins Félagslundar og hvort eigi að setja húsið á söluskrá. Að teknu tilliti til vilja meðeiganda og íbúa sem tjáð sig hafa um málið, er tekin ákvörðun um að falla frá öllum hugmyndum um sölu hússins að svo komnu máli og halda áfram rekstri þess í óbreyttu formi.

Samþykkt með 5 atkvæðum

b) Starfsmannahald á fasteignasviði

Oddvita og sveitarstjóra falið að óska eftir framlengingu á ráðningarsamningi við Brynjar Jón Stefánsson.

Lagt fram uppsagnarbréf umsjónarmanns fasteigna dags 31. maí 2017.

Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir en starfsmaður á inni sumaleyfi. Starfslok miðast því við 19. júlí. Rúnari Magnússyni þökkud góð störf í þágu sveitarfélagsins. Sveitarstjóra falið að auglýsa eftir starfsmanni á fasteignasvið frá og með þeim tíma.

Samþykkt með 5 atkvæðum

8. Tilboð í endurnýjun á skanna og ljósritunarvél

Lagt fram tilboð frá Optíma í nýja ljósritunarvél. Sveitarstjóra falið að leita fleiri tilboða í sambærilega vél.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

9. Fyrirspurn vegna framkvæmda við vatnslögn

Lagt fram erindi frá lóðareiganda í Krækishólum 19 c þar sem óskað er skýringa á jarðraski vegna vatnslagnar að brynningarskál þar sem ekki hefur verið virt sú meginregla að vatnslagnir liggi með vegum.

Samkvæmt upplýsingum frá verktökum í vatnsveitu Flóahrepps var verkið unnið án aðkomu þeirra og er ábyrgð af jarðraski vísað til eiganda nærliggjandi lóðar þar sem umræddri brynningarskál var komið fyrir.

Samþykkt með 5 atkvæðum

10. Erindi frá skólastjórnendum - samstarfverkefni um námsráðgjöf - starfsstöð námsráðgjafa

Lagt fram erindi frá skólastjórnendum Flóaskóla, Þjórarskóla, Grunnskólum Bláskógabyggðar og Flúðaskóla, sem standa að samstarfi um náms-og starfsráðgjafa. Í erindinu eru ítrekaðar áhyggjur af faglegri einangrun náms og starfsráðgjafa í Flóaskóla og óskað eftir því að námsráðgjafi fái starfsaðstöðu hjá öðrum starfsmönnum skólaskrifstofu.

Sveitarstjórn Flóahrepps vísar málinu til nefndar oddvita og sveitarstjóra „NOS“ en bendir jafnframt á breyttar aðstæður í Flóaskóla þar sem að nýráðinn skólastjóri er menntaður náms-og starfsráðgjafi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

11. Drög að sameiginlegum athugasemdum vegna reglugerðar um rekstur héraðsskjalasafns

Lögð fram drög Þorsteins Tryggva Mássonar, forstöðumanns Héraðsskjalasafns Árnesinga, að athugasemdum vegna breytinga á reglugerð um héraðsskjalasöfn.

Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti fyrirbyggjandi drög með 5 atkvæðum.

12. Umsögn sveitarstjórnar um stofnun lögbýlis – Krákumýri

Lögð fram beiðni um umsögn sveitarstjórnar vegna umsóknar um lögbýli í Krákumýri.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við umsóknina.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

13. Erindi frá Katrínu Ósk Þráinsdóttur

Óskað er eftir því að erindið sé kynnt á fundinum

Erindið upplesið og lagt fram til kynningar.

14. Erindi frá Öldu Stefánsdóttur og Hörpu Hreggviðsdóttur

Lagt fram erindi frá Öldu Stefánsdóttur og Hörpu Hreggviðsdóttur þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórnar um ástæður uppsagnar skólustjóra Flóaskóla.

Sveitarstjórn ítrekar það sem áður hefur komið fram að ástæður uppsagnar koma fram í uppsagnarbréfi til viðkomandi starfsmanns. Efni þess er trúnaðarmál, sbr. 4. mgr. 28. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Samþykkt með 4 atkvæðum. Sigurbára Rúnarsdóttir vék af fundi við afgreiðslu málsins.

15. Erindi frá Afréttarmálafélagi Flóa-og Skeiða – framlag vinnuskóla

Lagt fram erindi frá Reyni Þór Jónssyni, fyrir hönd afréttarmálafélags Flóa og Skeiða þar sem óskað er eftir vinnuframlagi Vinnuskóla Flóahrepps einn dag við að fúaverja timbur í Reykjaréttum. Sambærilegt erindi verður sent sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps og er stefnt að sameiginlegri grillveislu í lok dagsins.

Sveitarstjórn samþykkir erindið með 5 atkvæðum.

16. Umsókn um rekstrarleyfi, Icelandic Cottages ehf – beiðni um umsögn sveitarstjórnar

Lögð fram umsókn Rósu Matthíasdóttur f.h. Icelandic Cottages ehf – beiðni um umsögn sveitarstjórnar vegna endurnýjunar rekstrarleyfis.

Sveitarstjórn gerir engar athugasemdir við veitingu leyfisins að því gefnu að fyrir liggi jákvæðar umsagnir, Brunavarna Árnæssýslu, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og byggingarfulltrúa.

Samþykkt með 4 atkvæðum. Rósa Matthíasdóttir vék af fundi við afgreiðslu málsins.

17. Umsókn um rekstrarleyfi - Ölvisholt ehf – beiðni um umsögn sveitarstjórnar

Lögð fram umsókn Ölvisholts ehf – beiðni um umsögn sveitarstjórnar vegna rekstrarleyfis.

Sveitarstjórn gerir engar athugasemdir við veitingu leyfisins að því gefnu að fyrir liggi jákvæðar umsagnir, Brunavarna Árnæssýslu, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og byggingarfulltrúa.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

18. Umsókn um rekstrarleyfi - Golfklúbbur Selfoss – beiðni um umsögn

Lögð fram umsókn Golfklúbbs Selfoss – beiðni um umsögn sveitarstjórnar vegna endurnýjunar rekstrarleyfis.

Sveitarstjórn gerir engar athugasemdir við veitingu leyfisins að því gefnu að fyrir liggi jákvæðar umsagnir, Brunavarna Árnæssýslu, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og byggingarfulltrúa.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

19. Upplýsingar úr fjárhagsbókhalda - Viðauki 1 við fjárhagsáætlun 2017

Lagðar fram upplýsingar úr fjárhagsbókhalda fyrir fyrstu 5 mánuði ársins og samanburður þeirra við fjárhagsáætlun ársins.

Einnig lögð fram gögn vegna viðauka I við fjárhagsáætlun ársins 2017.

Viðaukinn gerir ráð fyrir 19,6 milljón króna útgjaldaaukningu og er honum mætt með kr. 9 milljón króna áætluðum tekjuauka vegna hækkaðra fasteignagjalda og aukinna útsvarstekna og 10,6 milljónum kr. af eigin fé sveitarfélagsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum

20. Trúnaðarmál:

Fært í trúnaðarmálabók

21. Fundargerðir:

a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 187, dags. 10.05.2017

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

b) Fræðslunefndar Flóahrepps nr. 101, dags. 16.05.2017

Guðbjörg Hólm Þorkelsdóttir skólustjóri Krakkaborgar mætti til fundarins og kynnti tillögu að nýrri gjaldskrá fyrir leikskólann Krakkaborg fyrir skólaárið 2017 - 2018.

Grunngjöldum hefur ekki verið breytt en afsláttarreglur skýrðar og afsláttarhlutföllum breytt lítillega. Gjald fyrir tímenn milli klukkan 16:00 og 17:00 er hækkað ásamt gjaldi fyrir dvöl umfram umsamin vistunartíma. Gert er ráð fyrir að leikskólavist sé háð því að foreldrar kaupi að lágmarki fjóra samfellda daga á viku. Breytingar á vistunartíma þarf alltaf að tilkynna fyrir 18. hvers mánaðar til þess að hægt sé að skoða óskir um þær. Gjaldskráin skoðuð og rædd. Rætt um lengd opnunartíma og að skoðað verði að loka klukkan 16:30 frá og með 1. janúar 2018. Ákveðið að hámarksstarfsmannafjöldi á Lóudeild verði þrjú stöðugildi. Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána eins og hún liggur fyrir og ofangreindar leiðir til hagræðingar í rekstri. Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar. Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Atvinnu- og umhverfisnefndar Flóahrepps dags. 06.06.2017

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

d) Stjórnar Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs. nr. 44, dags. 11.05.2017

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

e) Skólalþjónustu- og velferðarnefndar Árneshings nr. 21, dags. 17.05.2017

Sveitarstjórn samþykkir tillögu nefndarinnar að viðmið tekna í reglugerð um sérstakan húsnæðisstuðning verði hækkuð í samræmi tillögu nefndarinnar. Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar. Samþykkt með 5 atkvæðum.

f) Stjórnar Brunavarna Árneshýslu nr. 15, dags. 06.06.2017

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Sveitarstjóra Flóahrepps falið að færa Brunavörnum Árneshýslu og sjúkraflutningamönnum HSU, sérstakar þakkir fyrir þátttöku þeirra í hátíðinni Fjör í Flóa.

g) Heilbrigðisnefndar Suðurlands nr. 179, dags. 12.05.2017

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

h) Stjórnar SASS, nr. 520, dags. 31.05.2017

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

i) Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 850, dags. 19.05.2017

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

j) Almannaþingarnefndar Árneshýslu nr. 24, dags. 07.06.2017

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

22. Efni til kynningar:

a) Frá nefndarsviði Alþingis - Frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 289. mál (9. júní)

b) Frá nefndarsviði Alþingis - Frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða, 408. mál. (2. júní)

c) Frá nefndarsviði Alþingis - Frumvarp til laga um skóga og skógrækt 407. mál (2. júní)

d) Frá nefndarsviði Alþingis - Frumvarp til laga um landgræðslu 406. mál (2. júní)

e) Húsnæðisáætlanir sveitarfélaga

f) Frá Félagi íslenskra landslagsarkitekta – kynningarbréf

23. Önnur mál:

a) Erindi frá Rósu Matthíasdóttur, staða mála hjá Orkugerðinni ehf.

Erindinu vísað til stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Erindi frá Rósu Matthíasdóttur – ljósleiðari í Flóahreppi, næstu skref.

Rætt um næstu skref í málinu. Endurskoða þarf hönnunargögn sem voru unnin árið 2012 af Eflu verkfræðistofu. Sveitarstjóra falið að kanna kostnað við endurskoðun gagna.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Aðalskipulag Flóahrepps 2016 – 2028 önnur umræða

Lögð fram til afgreiðslu að lokinni kynningu skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga tillaga að aðalskipulagi Flóahrepps 2016 – 2028. Tillagan var kynnt á íbúafundi sem haldinn var í Þingborg þann 22.02.2017 auk þess sem hún var kynnt með auglýsingu sem birtist þann 4. maí s.l. Á sama tíma var hún send umsagnaraðilum og aðliggjandi sveitarfélögum til kynningar.

Sveitarstjórn samþykkir framlögð skipulagsgögn með ýmsum minniháttar breytingum til að koma til móts við ábendingar sem borist frá íbúum og öðrum hagsmunaaðilum. Er skipulagsfulltrúa falið að senda aðalskipulagið til athugunar Skipulagsstofnunar í samræmi við 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Þá vill sveitarstjórn ennfremur að það komi fram að þar sem skipulagsvald á virkjunarsvæðinu við Urriðafoss er takmarkað í höndum sveitarstjórnar þá er hvatt til þess að við afgreiðslu Alþingis á tillögu um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, verði virkjunarkostur við Urriðafoss færður í verndarflokk meðan ekki liggja fyrir óyggjandi rök fyrir því að náttúra og lífríki svæðisins njóti ásættanlegrar verndar við það rask sem virkjun hefði í för með sér.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

d) Fundartími sveitarstjórnar og sumarlokun skrifstofu

Fyrsti fundur eftir sumarleyfi verður haldinn miðvikudaginn 16. ágúst. Boðað verður til aukafundar ef nauðsyn krefur.

Skrifstofa Flóahrepps verður lokuð frá 10. júlí – 28. júlí.

Samþykkt með 5 atkvæðum

e) Málefni heimagistingar.

Þar sem aðeins einn aðili er skráður á vefnum www.sýslumenn.is, með leyfi til útleigu í Flóahreppi samkvæmt 90 daga reglu en vitað um marga fleiri samkvæmt bókunarvefjum sem væntalega eru þá í svartri atvinnustarfsemi lýsir sveitarstjórn Flóahrepps áhyggjum af þeirri þróun sem lagasetning utanum svokallað deiliahagkerfi hefur leitt af sér. Ákveðið að senda erindi vegna málsins á þingmenn Suðurkjördæmis og ráðherra ferðamála

Árni Eiríksson oddviti (sign)

Margrét Jónsdóttur (sign)

Svanhvít Hermannsdóttir (sign)

Sigurbára Rúnarsdóttir (sign)

Rósa Matthíasdóttir (sign)

Eydís Þ. Indriðadóttir (sign)

